



Gleðilegt sumar



7. tbl. júní 2014

Fréttabréf skólapjónustunnar

Barnabær BES

Barnabær var settur við hátíðlega athöfn 26. maí og hófst þar með þriggja daga vinnulota sem lauk með markaðsdegi 30. maí. Þessa daga eru nemendur grunn- og leikskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri að vinna ýmis verkefni sem síðan verða til sýnis og seld á markaðsdeginum. Þann dag breytist skólinn í lítið lýðræðissamfélag þar sem m.a. er hægt að kaupa sér gjaldeyri bæjarins sem nefnist besóar.

Á vinnudögunum var m.a. unnið í málara-, fornleifa-, tónlistar-, baksturs-, hjólaviðgerða-, drauga-, sápugetar- og gróðurhúsateyrum.

Einnig gaf eitt teymið út veglegt fréttabréf þar sem fjallað var um dagana og viðtöl tekin við gesti og gangandi.

Greinilegt var að allir skemmtu sér vel í vinnunni og á föstudaginn var alvöru hátíðarstemning á markaðstorginu. Hérna fylgja með nokkrar myndir af vinnusömum nemendum en einnig er hægt að nálgast fleiri myndir á heimasíðu skólans, barnaskolinn.is



Einbeittir í steinamálningu.



Yfirbakarar í eldhúsinu.



Listmálari framtíðarinnar



Spekingslegir fornleifafræðingar



Preyttur draugur

Krækjur

- [Skólastofan](#)
- [Tungumálatorg](#)
- [Snjallskóli](#)
- [Tilraun í kennslu-snjalltækni](#)
- [Safn smáforrita, sérkennsla/leikskóli](#)
- [Námskeið á meistarastigi fyrir starfandi listgreinakennara Listaháskóli Íslands](#)

Útskrift leikskólabarna í Árborg

Nú í vor útskrifast 127 börn úr leikskólum sveitarfélagsins. Að venju er mikið lagt í útskriftarathafnir skólanna enda stórt skref að útskrifast úr leikskóla og hefja 10

ára nám í grunnskóla. Myndin sem fylgir hér með var tekin í útskriftarathöfn Álfheima sem var haldin í Vallaskóla miðvikudaginn 28. maí síðastliðinn.

